

# Starfsáætlun Trölladeildar 2018-2019

Trölladeild Í vetur verða 23 börn á Trölladeild. Börnin eru fædd árin 2014, 2015 og 2016. Í Grænatúni er þema leikskólans leikur og gleði og reynum við að hafa það til hliðsjónar í öllu sem við gerum. Í vetur fer Erla María með deildastjórn en undir eðlilegum kringumstæðum er Bryndís Gunnarsdóttir einnig deildastjóri en hún er í fæðingarorlofi. Erla og Bryndís eru báðar leikskólakennaranemar, þær þiggja styrk frá bænum til að stunda nám sitt og sinna því í samvinnu við leikskólann.

Daglegt líf í leikskóla Að koma og fara: Við leggjum áherslu á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Það sama á við um að kveðja. Að klæða sig í og úr: Börnin eru hvött til að hjálpa sér sjálf í og úr, en fá þá hjálp sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði. Við gefum börnunum góðan tíma til að æfa sig þó það skerði útivistina um nokkrar mínútur. Borðhald: Börnin skiptast á að vera í hlutverki þjóna þar sem þau koma fyrr inn úr útiveru og klæðast svuntum og leggja á borðin. Áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði ásamt því að smakka á öllum mat. Við borðið gefst góður tími til málörvunar og eru oft skemmtilegar umræður sem skapast við mataborðið. Börnin fá að prófa sig áfram með að skammta sér sjálf á diskinn. Þegar börnin eru búin að borða gengur svokallaður aðstoðarmaður borðsins frá diskum og setur matarafganga í viðeigandi fötu. Svefn og hvíld: Eftir hádegisverð er hvíld og fer svefntími eftir þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni með rólegri tónlist eða sögum. Börnin fá kodd, teppi og dýnu til að hvílast á.

Hópastarf Markmið hópastarfsins er: • að börnin læri að starfa í hópi að sameiginlegu markmiði • að auka samskiptahæfni • að tryggja að allir fái fjölbreytt verkefni við hæfi • að auka virðingu og umburðarlyndi Í vetur komum við til með að vinna í lotum í hópastarfi. Unnið verður með Numicon stærðfræði kubba, málörvunar verkefni, læsi og byggingarleiki. Unnið verður með hvert verkefni í 4 vikur í senn. Hópastarf mun byrja hjá okkur mánudaginn 3.september og svo 14.janúar eftir áramót.

Byggingarleikir: 3.sept – 28.sept og 11.feb – 9. Mars • Líka kallað uppbyggingaleikur er ein tegund leikforms. Hann felur í sér rannsóknar vinnu á efniviðnum sem börnin vinna með. Uppgötvun á hvernig hægt sé að vinna með efniviðinn og hvað hann býður upp á. Byggingaleikir örva snertiskyn, félagsleg samskipti, þátttöku, einbeitingu og beinir athygli þeirra að ferli og útkomu, þau þurfa einnig að glíma við að leysa vandamál sem geta komið upp í ferlinu. Numicon: 1.okt – 26. okt og 14. jan – 9. Feb • Numicon er hannað með það í huga að nýta þrjá af meginstyrkleikum ungra barna, sem eru; lærdómur í leik, eftirtekt, sterk tilfinning barna fyrir mynstrum. Börnin eru því að handleika, rannsaka numicon kubbana, taka eftir og kanna mynstur þeirra.

Numicon er samið til að hjálpa börnum að sjá tengslin milli talna, með því að handleika og búa til tengsl milli mynda. Numicon hjálpar börnum að skilja að tölustafir eru ekki bara handahófskennd ták heldur mynda þeir mjög skipulagt kerfi þar sem mynstur koma fyrir.

Málörvun og læsi: 29. okt – 23. okt og 11. mars – 5. Apríl Markmið: • Að auka færni barnsins í að taka þátt í umræðum með öðrum. • Að efla málskilning, og málþroska barna. • Að kenna börnum að nota málið til að leysa ágreining • Að auka orðaforða og hugtakaskilning barna. • Að stuðla að jákvæðu viðhorfi til lesturs og auka færni í að tjá sig á margvíslegan hátt. Málræktin fléttast einnig í gegnum allt leikskólastarfið, m.a. í matartímum og í fataherberginu þegar farið er út. Unnið er í gegnum leikinn og lögð áhersla á að börnin tjái sig um hugsanir sínar og líðan. Nýlegar rannsóknir sýna að ef

börn fá snemma fjölbreytta örvun tengda máli, tjáningu og læsi hefur það mikil áhrif á áhuga og getu þeirra í námi og þroska.

## Myndlist

Samhliða hópastarfinu fara börnin í myndlist.

Einu sinni í viku er farið í myndlist. Þar er börnunum kynntar ýmsar aðferðir í myndlistinni. Einnig hafa börnin alltaf aðgang að fjölbreyttum efnivið inni á deild. Þessar skipulögðu stundir fara fram undir leiðsögn kennara. Markmið: • Að börn tjái sig með myndmáli • Æfa samhæfingu augna og handar

• Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekhta og þar með að auka þekkingu og leikni. • Við einblínum á ferlið, gleðina, tjáninguna og námið sem á sér stað og ýtum undir skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð barnanna.

## Leikfimi/ Jóga

Í vetur ætlum við að vera með hreyfistundir einu sinni í viku sem verða samblanda af leikfimi og jóga ásamt núvitund og hugleiðslu. Markmið • Að örva hreyfipörf barnanna • Að þau læri að skynja og þekkja líkama sinn • Líkamsmeðvitund • Sjálfsvirðing • Læra á sjálfan sig Með því að vera með markvisst hreyfiuppeldi í leikskólanum erum við að leggja grunn að líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu barnanna til framtíðar. Hreyfing hefur jákvæð áhrif á líkama og sál og hefur áhrif á allan þroska barna, skyn-og hreyfi þroska, vitsmunaproska og ekki síður félags- og tilfinningaproska.

## Útivera

Farið er út að minnsta kosti einu sinni á dag. Útivera býður upp á mikla hreyfingu og er góð leið til ýmis konar náms. Markmið hennar er að börnin geti hreyft sig frjálst og óhindrað, kynnst náttúrunni og árstíðarskiptum. Einnig

munum við fara í gönguferðir. Markmið: • að efla alhliða þroska • að auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol. • að kynnast fjölbreytileika íslensks veðurfars.

Vinaverkefni, lestur og tónlist Á hverjum degi er lesið og leggjum við áherslu á að lesa eftir aðferðum orðaspjalls sem er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna. Í stuttu máli felst orðaspjallið í því að kennari velur orð úr barnabókum til að kenna, ræða um og leika með, auk þess er mikil áhersla lögð á samræður í tengslum við bókalesturinn. Einnig er sungið á hverjum degi í samverustundum og unnið að því að kenna börnunum nýja söngva, vísur og fleira, auk þess sem sameiginleg söngstund allra deilda er á hverjum föstudegi og þá skiptast deildarnar á að vera með skemmtiatriði þar sem börnin byrja að læra að koma fram.

Í vetur ætlum við að vinna markvist með Lubba og bókina hans Lubbi finnur málbein. En það er bók sem vinnur með stafina og máhljóð þeirra. Einnig erum við að vinna með vináttuverkefni, forvarnaverkefni gegn einelti, sem barnaheill heldur utan um en verkefnið kemur frá Danmörku. Þar er áhersla lögð á fjögur gildi: virðingu, umhyggju, umburðarlyndi og hugrekki. Á Trölladeildinni vinnum við mikið með myndrænt skipulag. Við kynnum dagskipulagið fyrir öllum börnunum á myndrænan hátt og geta þau gengið að því á hverjum degi.

Á Trölladeild býr tusku hundurinn Perla sem fær að fara heim með hverju barni yfir helgi og bók fylgir með sem foreldrar og börn skrifa í saman og segja frá hvað gert var þá helgi. Þetta á alls ekki að vera kvöð eða ýta undir að fjölskyldur þurfi að gera eitthvað stórmerkilegt þá helgi sem perla fer heim með barninu. Þetta er hugsað sem tenging milli heimilis og skóla og færa hversdagsleikann heima fyrir yfir í leikskólann og að börnin fái að deila með okkur hinum lífinu heima fyrir.

Að öðlast öryggi Að byrja í leikskóla er stórt skref bæði fyrir barn og foreldra þess. Þar er að finna ókunnugt fólk og umhverfi. Flestir Foreldrar eru kvíðnir yfir því hvernig barninu farnist við upphaf skólagöngunnar. Nauðsynlegt er að draga úr þeim kvíða m.a. með því að leggja áherslu á að í leikskólanum eru þarfir barnsins í fyrirrúmi og að því líði sem best. Því er mjög mikilvægt að vanda til aðlögunar barnsins í upphafi leikskólagöngu. Við leggjum áherslu á að hafa rólegt og notalegt andrúmsloft á deildinni þar sem öllum líður vel.

Foreldraviðtöl Í vetur ætlum við að fjölga viðtölum og bjóða foreldrum sem það vilja að koma í foreldraviðtal í nóvember, sem hefur ekki tíðkast og svo aftur í hefðbundið foreldraviðtal í febrúar og apríl. Hugmyndin er að foreldraviðtalið í nóvember sé val hvers foreldris og þeir sem það kjósa komi svo aftur í viðtal í apríl. Þeir foreldrar sem velja ekki að koma í viðtal í nóvember fái þá viðtal í febrúar.